

Fundargerð

186. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 17. september 2013 kl. 12¹⁵ – 14⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstraráætlun Úrvinnslusjóðs
- (3) Rekstraráætlun raftæki
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (185. fundar).

2. Rekstraráætlun Úrvinnslusjóðs

Lögð var fram á fundinum endurskoðuð rekstraráætlun sjóðsins fyrir árin 2013-2016. ÓK fór yfir helstu tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi í nokkrum flokkum sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Sérstakt yfirlit var lagt fram um þessar breytingar. Eins var lagt fram yfirlit yfir rekstur Úrvinnslusjóðs frá janúar til febrúar á árinu 2013 og samanburður við 2012 sem og framangreinda rekstraráætlun fyrir árið 2013.

Lagt var fram lagafrumvarp frá því á vorþingi um breytingar á úrvinnslugjaldi. Stjórn ræddi breytingar á því lagafrumvarpi til að mæta breyttum rekstrarforsendum nokkura sjóða.

Stjórn Úrvinnslusjóðs leggur til við umhverfis- og auðlindaráðherra hækkun úrvinnslugjalds á eftirfarandi vöruflokka:

Plastumbúðir: hækki í 16 kr/kg

Leysiefni: hækki, lægra gjald í 30 kr/kg og hærra gjald í 170 kr/kg

Málning: hækki í 42 kr/kg

Framköllunarefni: hækki meðalgjald í 200 kr/kg

Stjórn Úrvinnslusjóðs leggur til lækun úrvinnslugjalds á vöruflokk blýsýrurafgeyma í 20 kr/kg

Stjórn ræddi stöðu vegna greiðslu skilagjalds á úrsérgengin ökutæki.

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að hækka upphæð skilagjalds sem greitt er til síðasta eigenda ökutækis í 20.000 kr.

3. Rekstraráætlun raftæki

Lögð var fram á fundinum rekstraráætlun fyrir raftæki og tillögur um úrvinnslugjald frá því í febrúar á þessu ári, sem ekki hafa verið endurskoðaðar. ÓK fór yfir helstu atriði. UAR bíður eftir tillögum stjórnar um úrvinnslugjald á raftæki.

4. Önnur mál

Stjórn óskar eftir stöðu mála er varðar samkomulag olíufélaganna við meðhöndlun úrgangsolíu, hjá Samkeppniseftirlitinu og hjá UAR.

Næsti fundur ákveðinn 24.september 2013.

Fundi slitið kl 14:30